

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa í Kiðjabergi

Fundur stjórnar haldinn 22.október 2025 kl. 17:20 í húsnæði Garra að Hádegismóum 1, Reykjavík.

Mættir voru: Stefán Pétursson, Bjarni Sigurðsson, Magnús Magnússon og Sigrún Sjöfn Helgadóttir.

1. Farið var yfir samskipti formanns við Baldur hjá Suðurtaki varðandi snjómokstur. Samþykkti stjórnin tillögu formanns um að semja við Suðurtak um mokstursþjónustu veturinn 2025-2026. Kostnaður verður á svipuðum nótum og síðasta vetur.
2. Rætt var um og samþykkt að Magnús hefði afþakkað þjónustu Lagnaþjónustunnar á Selfossi þar sem samskipti við fyrirtækið hefðu engan veginn gengið sem skyldi. Magnús hefur síðan, í umboði stjórnar, komist að samkomulagi við L.M. Lagnir (Impipulagnir@gmail.com) um að þjónusta vatnsveituna í Kiðjabergi. Ekki hefur enn verið undirritað formlegt samkomulag um þjónustuna.
3. Rætt var um hlutverkaskiptingu milli F.L.K. og Kiðjabergs ehf. varðandi mögulegar skuldbindingar um sérstaklega vegagerð, viðhald vega og eftir atvikum bundið slitlag en einnig vatnslögn til nýrra lóða sem Kiðjaberg ehf. selur til nýrra eigenda. Stjórn var einhuga um að þessi mál þyrfti að ræða við Kiðjaberg ehf. til að koma í veg fyrir mögulegan misskilning á milli FLK og nýrra eigenda umræddra lóða um skuldbindingar félagsins.
4. Ræddur var sá möguleiki að leggja olíumöl á ákveðna botnlanga og að stjórn kanni kostnað slíkra framkvæmda. Æskilegt væri að geta lagt hugmyndir hvað þetta varðar fyrir næsta aðalfund.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 16:30.

Sigrún Sjöfn Helgadóttir ritari.